



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Varmárskóli-ytra mat. Tillaga að úttekt á stjórnskipulagi Varmárskólar

Dags: 25. maí 2020

Málsnúmer: 201906059/13.1.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Linda Udengård, Framkvæmdastjóri fræðslusviðs

Inngangur

Á haustdögum fór fram ytra mati á Varmárskóla á vegum Menntamálastofnunar. Í niðurstöðum þess mats komu fram vísbendingar um að skoða þurfi frekar núverandi stjórnskipulag skólans.

Varmárskóli yngri og eldri deild varð til við sameiningu tveggja skóla árið 2001, Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar. Í dag eru 820 nemendur við skólann í tveimur aðalhúsum, eldri deild þar sem eru 440 nemendur og yngri deild með 380 nemendur.

Við skólann starfa tveir skólastjórar sem að í raun skipta á milli sín daglegri stjórnun á eldra og yngra stigi, stöðugildi deildarstjóra eru fimm. Mötuneyti skólans er rekið í húsnæði eldri deildar og er sameiginlegt fyrir skólann. Að öðru leiti er ekki um sameiginlegt rými að ræða nema að skólalóð er að hluta til nýtt sameiginlega.

Til greina stöðu skólans hvað varðar stjórnskipulag er lagt til að fenginn verði Haraldur Líndal Haraldsson hjá HLH ráðgjöf sem hefur viðamikla þekkingu á starfsemi sveitarfélaga og skólamála. Áætlað er að vinna að úttektinni og mati í september 2020.

Markmið úttektarinnar

Meginmarkmið úttektar er að greina stjórnskipulag og stjórnun Varmárskóla og setja fram á þeim grunni ólíkar sviðsmyndir um framtíðarfyrirkomulag starfseminnar.

Sérstaklega verði lagt mat á það hvort að þau markmið sem að var stefnt við sameiningu skólanna hafi gengið eftir. Í úttekt menntamálaráðuneytis á Varmárskóla frá árinu 2011 kemur fram að starfsemi skólans voru setta ákveðnar skorður í tveimur húsum.

Einnig verði kannað hvort að til staðar séu tækifæri til umbóta eða breytinga á stjórnskipulagi og verkaskiptingu stjórnenda.

Niðurstöður greininga verði settar fram í ólíkum sviðsmyndum þar sem lýst verði kostum og göllum hvernar sviðsmyndar og mat lagt á það hvaða sviðsmynd feli í sér mestan ávinning til framtíðar fyrir Varmárskóla.

Lagt er til við bæjarráð að samþykkt verði að fara í úttekt og mat á núverandi stjórnskipulagi Varmárskóla með það að markmiði að leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi starfseminnar.

Virðingarfyllst,

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri
Linda Udengard framkvæmdastjóri